

JÖKÁ ehf.

Ársreikningur

2023

JÖKÁ ehf.

Viðarríma 61

112 Reykjavík

kt. 410612-1430

JÖKÁ ehf.

Ársreikningur

2023

Efnisyfirlit

Fagleg aðstoð við gerð ársreiknings	2
Skýrsla stjórnar	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Yfirlit um sjóðstreymi	6
Skýringar	7-11

Fagleg aðstoð við gerð ársreiknings

Til stjórnar og hluthafa í JÖKÁ ehf.

Við höfum veitt faglega aðstoð við gerð ársreiknings ársins 2023 fyrir JÖKÁ ehf. byggt á þeim upplýsingum sem stjórnendur félagsins hafa lagt fram. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðsstreymi og skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við alþjóðlegan staðal, ISRS 4410, sem fjallar um faglega aðstoð við gerð ársreiknings.

Við höfum notað faglega þekkingu okkar á sviði reikningsskila og ársreikningagerðar að því markmiði að aðstoða fyrirtækið við að leggja fram ársreikning í samræmi við lög um ársreikninga. Við höfum fylgt fyrirmælum siðareglna, þar á meðal grundvallarreglunum um heilindi, hlutlægni og faglega hæfni og varkárni.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Ársreikningur og þær upplýsingar sem koma fram í honum eru á ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum stjórnenda félagsins.

Þar sem fagleg aðstoð við gerð ársreiknings er ekki staðfestingarverkefni er þess ekki krafist af okkur að staðfesta nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem stjórnendur hafa lagt fram. Þar af leiðandi veitum við hvorki álit byggt á endurskoðun né ályktun byggða á könnun um hvort ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 26. september 2024.

Advant endurskoðun ehf.

Knútur Þórhallsson,
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Ársreikningur JÖKÁ ehf. fyrir árið 2023 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Tilgangur JÖKÁ ehf. er eignarhald, kaup, sala og hvers kyns viðskipti með fjármálagerninga, og hvers kyns önnur fjárhagsleg verðmæti: kaup, sala, rekstur, eignarhald og leiga fasteigna og hvers kyns lausafjár, lánastarfsemi og skyldur rekstur.

Hagnaður JÖKÁ ehf. á árinu 2023 nam kr. 217.063.637. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins kr. 842.278.761, bókfært eigið fé í árslok er samtals kr. 830.449.441 og er eiginfjárhlutfall félagsins 98,6%.

Í lok ársins áttu eftirtaldir aðilar hlut í félaginu:

Nils Zimsen	6,3%
Jón Pétur Zimsen	41,1%
Jóhann T. Zimsen	27,6%
Óli B Zimsen	25%

Stjórn félagsins leggur til að greiddur verði 30 milljón króna arður til hluthafa á árinu 2024, en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins og ráðstöfun hagnaðar.

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra JÖKÁ ehf. að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn og framkvæmdastjóri JÖKÁ ehf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2023 með undirritun sinni.

Reykjavík, 26. september 2024.

Í stjórn



Framkvæmdastjóri



Rekstrarreikningur ársins 2023

	Skýr.	2023	2022
Fjármunatekjur			
Arður af hlutabréfum		7.074.394	6.040.720
Afkoma hlutabréfa		187.283.278	51.126.526
Afkoma skuldabréfa		5.282.390	7.294
Gengismunur		18.119.676	(296.950)
Vaxtatekjur		4.069.711	286.944
	3	<u>221.829.448</u>	<u>57.164.534</u>
Rekstrarkostnaður		(4.765.811)	(4.012.223)
Hagnaður ársins		<u><u>217.063.637</u></u>	<u><u>53.152.311</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

Eignir	Skýr.	31.12.2023	31.12.2022
Veltufjármunir			
Fjárfestingarverðbréf - Hlutabréf	5	505.077.138	602.948.109
Fjárfestingarverðbréf - Skuldabréf	6	290.758.118	42.049.733
Aðrar skammtímakröfur	7	32.909.381	1.174.778
Handbært fé	7	13.534.125	34.478.138
		<u>842.278.761</u>	<u>680.650.758</u>
Eignir		<u>842.278.761</u>	<u>680.650.758</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	8		
Hlutfé		500.000	500.000
Yfirverðsreikningur hlutafjár		14.950.000	14.950.000
Lögbundinn varasjóður		125.000	125.000
Óráðstafað eigið fé		814.874.441	658.910.804
Eigið fé		<u>830.449.441</u>	<u>674.485.804</u>
Skammtímaskuldir			
Aðrar skammtímaskuldir	9	11.829.320	6.164.954
		<u>11.829.320</u>	<u>6.164.954</u>
Skuldir		<u>11.829.320</u>	<u>6.164.954</u>
Eigið fé og skuldir		<u>842.278.761</u>	<u>680.650.758</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2023

	Skýr.	2023	2022
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarkostnaður		(4.765.811)	(4.012.223)
Veltufé til rekstrar án vaxta og skatta		(4.765.811)	(4.012.223)
Skuldabréf breyting		(245.134.757)	54.801.476
Fjárfestingarbréf, breyting		285.154.249	(2.659.994)
Aðrar rekstrartengdar eignir, lækkun, (hækkun)		(31.734.603)	5.573.966
Aðrar rekstrartengdar skuldir, hækkun (lækkun)		5.664.366	(20.039.449)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		9.183.444	33.663.776
Innborgaðir vextir og verðbr. hlutabréfa og skuldabréfa		30.972.541	8.292.862
Handbært fé frá rekstri		40.155.986	41.956.639
Fjármögnunarhreyfingar			
Greiddur arður til hluthafa	8	(61.100.000)	(25.000.000)
		(61.100.000)	(25.000.000)
(Lækkun), hækkun handbærs fjár		(20.944.014)	16.956.639
Handbært fé í upphafi árs		34.478.139	17.521.500
Handbært fé í lok árs		13.534.124	34.478.139

Skýringar

1. Starfsemi

JÖKÁ ehf. er einkahlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög.

Tilgangur JÖKÁ ehf. er eignarhald, kaup, sala og hvers kyns viðskipti með fjármálagerninga, og hvers kyns önnur fjárhagsleg verðmæti: kaup, sala, rekstur, eignarhald og leiga fasteigna og hvers kyns lausafjár, lánastarfsemi og skyldur rekstur.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur JÖKÁ ehf. fyrir árið 2023 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

Skráning tekna

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar eða verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi flyst yfir til kaupanda. Þjónustutekjur eru færðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afsláttá.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

	Meðalgengi ársins		Árslokagengi	
	2023	2022	31.12.2023	31.12.2022
Evra (EUR)	149,14	142,35	150,50	151,50
Bandaríkjadalur (USD)	137,98	135,44	136,20	142,04
Sterlingspund (GBP)	171,46	166,93	173,18	170,81
Dönsk króna (DKK)	20,02	19,13	20,19	20,37
Sænsk króna (SEK)	13,00	13,39	13,56	13,62

Skýringar

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggir á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 20%.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess.

Tekjuskattsinneign er metin á reikningsskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýttist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

Virðisrýrnun

Á hverjum reikningsskiladegi er bókfært verð eigna metið með tilliti til virðisrýrnunar. Komi fram vísbending um virðisrýrnun er endurheimtanlegt virði eignarinnar metið í því skyni að hægt sé að ákvarða hversu víðtæk virðisrýrnun er (sé um slíkt að ræða).

Endurheimtanlegt virði er annað hvort hreint söluvirði eða nýtingarvirði eignar, hvort sem herra er. Við mat á nýtingarvirði er notað vænt fjárstreymi sem fært hefur verið til núvirðis með vaxtaþrósentu sem viðeigandi er við fjármögnun slíkrar eignar að teknu tilliti til skatta. Þegar ekki er hægt að meta endurheimtanlegt virði einstakra eigna þá metur félagið endurheimtanlegt virði þeirrar sjóðskapandi einingar sem eignin fellur undir.

Sé endurheimtanlegt virði eignar eða fjárskapandi einingar metið lægra en bókfært verð er bókfært verð eignarinnar lækkað í endurheimtanlegt virði. Virðisrýrnun fjárskapandi eininga er fyrst færð til lækkunar á tengdri viðskiptavild, en síðan til hlutfallslegrar lækkunar á bókfærðu verði annarra eigna einingarinnar. Tap vegna virðisrýrnunar er fært í rekstrarreikning.

Ef áður færð virðisrýrnun á ekki lengur við er bókfært verð eignarinnar hækkað aftur, þó ekki umfram upphaflegt kostnaðarverð. Virðisrýrnun viðskiptavildar er ekki heimilt að bakfæra.

Fjárfestingarverðbréf

Markaðsverðbréf eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og keypt í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum. Fjárfestingarverðbréf eru færð á markaðsverði og færast matsbreyting í rekstrarreikning á því tímabili sem hún fellur til. Ef ekki er hægt að meta markaðsvirðið með áreiðanlegum hætti eru fjárfestingarverðbréfin færð á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Skýringar

3. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:	2023	2022
Vaxtatekjur af bankainnstæðum	4.069.711	286.944
Gengismunur	18.119.676	(296.950)
Vaxtatekjur af skuldabréfaeign	1.708.762	2.262.180
	23.898.148	2.252.175
 Gangvirðisbreyting hlutabréfa	(59.148.654)	18.184.019
Söluhagnaður (-tap) hlutabréfa	246.431.932	32.942.507
Söluhagnaður (-tap) skuldabréfa	(1.454.942)	1.929.720
Verðbreytingar skuldabréfa	5.028.570	(4.184.606)
Arður af hlutabréfaeign	7.074.394	6.040.720
	197.931.300	54.912.360
	221.829.448	57.164.534

4. Tekjuskattur

Ekki kemur til greiðslu tekjuskatts á árinu 2024 þar sem tekjuskattsstofn félagsins er neikvæður. Tekjuskattsinnæign er ekki færð vegna óvissu um nýtingu. Yfirfæranlegt tap í árslok er krónur 116.617.416

5. Fjárfestingaverðbréf - Hlutabréf

	Nafnverð	Bókfært verð
Eignarhlutar í Brim hf.....	266.828	22.306.821
Eignarhlutar í Marel hf.....	63.936	30.177.792
Eignarhlutar í Hampiðjunni hf.....	153.363	21.470.820
Eignarhlutar í Skyrco Inc.....	941.893	218.676.021
Eignarhlutar í Refined Brands Ltd.	696	16.966.264
Eignarhlutar í Alvotech hf. - IR.....	18.329	29.051.464
Eignarhlutar í Kvika banki hf.....	1.525.263	26.463.313
Eignarhlutar í Arion banki hf.....	234.100	35.583.200
Eignarhlutar í Iceland Seafood International hf.....	2.350.000	13.395.000
Eignarhlutar í Origo hf.....	160.461	13.960.107
Eignarhlutar í Kaldalón hf.....	1.615.333	28.332.941
Eignarhlutar í Icelandair Group hf.....	4.276.690	5.709.381
Eignarhlutar í Solid Clouds hf.....	24.000	64.800
Eignarhlutar í Amaroq Minerals Ltd.....	37.389	4.486.680
Eignarhlutar í SalesCloud.....		28.253.485
Eignarhlutar í KERECIS hf. USD.....	14.455	5.906.313
Eignarhlutar í Arion banki hf. /SDR.....	28.587	4.272.736
		505.077.138
	2023	2022
Staða í ársbyrjun	602.948.109	549.161.557
Keypt á árinu	43.735.327	110.505.587
Selt á árinu	(328.889.576)	(107.845.593)
Söluhagnaður (-tap)	246.431.932	32.942.509
Verðbreytingar	(59.148.654)	18.184.049
Staða í árslok	505.077.138	602.948.109

Skýringar

6. Fjárfestingaverðbréf - skuldabréf og skuldabréfasjóðir

	Nafnverð	Bókfært verð
Kvika lausafjársgjóður.....	998.823	155.553.646
Útgerðarfélag Reykjavíkur hf., skuldabréf.....	20.000.000	19.346.177
Kvika ríkisverðbréf.....	107.849	25.810.487
Iceland Seafood, víxill.....	80.000.000	79.947.808
Proton ehf., breytanlegt skuldabréf.....		10.100.000
		<u>290.758.118</u>

	31.12.2023	31.12.2022
Staða í ársbyrjun	42.049.733	99.106.095
Keypt á árinu	289.745.476	0
Selt á árinu	(44.610.719)	(54.801.476)
Söluhagnaður (-tap)	(1.454.942)	1.929.720
Verðbreytingar	5.028.570	(4.184.606)
Staða í árslok	<u>290.758.118</u>	<u>42.049.733</u>

7. Aðrar peningalegar eignir

Aðrar skammtímafröfur

	31.12.2023	31.12.2022
Fjármagnstekjuskattur	1.075.416	340.813
Skammtímalán	31.000.000	0
Aðrar skammtímafröfur	833.965	833.965
	<u>32.909.381</u>	<u>1.174.778</u>

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

	31.12.2023	31.12.2022
Óbundnar bankainnstæður í íslenskum krónum	10.710.497	34.038.719
Óbundnar bankainnstæður í erlendri mynt	2.823.628	439.419
	<u>13.534.125</u>	<u>34.478.138</u>

8. Eigið fé

	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals eigið fé
Eigið fé 1.1.2022	500.000	14.950.000	125.000	630.758.493	646.333.493
Greiddur arður				(25.000.000)	(25.000.000)
Hagnaður ársins				53.152.311	53.152.311
Eigið fé 1.1.2023	500.000	14.950.000	125.000	658.910.804	674.485.804
Greiddur arður				(61.100.000)	(61.100.000)
Hagnaður ársins				217.063.637	217.063.637
Eigið fé 31.12.2023	<u>500.000</u>	<u>14.950.000</u>	<u>125.000</u>	<u>814.874.442</u>	<u>830.449.442</u>

Skýringar

9. Aðrar peningalegar skuldir

Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2023	31.12.2022
Ógreiddur fjármagnstekjuskattur	10.254.748	5.017.000
Aðrar skammtímaskuldir	1.574.572	1.147.954
	<u>11.829.320</u>	<u>6.164.954</u>

10. Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundinum 26. september 2024.